

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 2016 í máli nr. S-732/2016:

Ákærvaldið

(Matthea Oddsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Magnúsi Skarphéðinssyni

(Haukur Örn Birgisson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 8. desember sl., er höfðað með ákæru útgefinni af héraðssaksóknara, 30. september 2016, á hendur Magnúsi Skarphéðinssyni, Grettisgötu 40b, Reykjavík, fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa að kvöldi föstudagsins 5. desember 2014, í heitum potti í Laugardalslaug í Reykjavík, brotið gegn blygðunarsemi A og B sem þá voru 17 ára, með því að hafa viðhaft kynferðislegt tal við þá, auk þess að hafa áreitt A kynferðislega með því að toga í buxnastreng á sundbuxum hans að framanverðu fyrir miðju.

Er þetta talið varða við 199. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu brotapolans A er þess krafist að ákærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 5. desember 2014 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun við réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á þóknun réttargæslumanns. Gerð er krafa um að dráttarvextir leggist á höfuðstól miskabóta á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 38/2001.

Af hálfu brotapolans B er þess krafist að ákærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 5. desember 2014 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum, skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun við réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á þóknun

réttargæslumanns. Gerð er krafa um að dráttarvextir leggist við höfuðstól miskabóta á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 38/2001.

Ákærði neitar sök. Verjandi ákærða krefst sýknu og að málsvarnarlaun verði greidd úr ríkissjóði. Til vara er krafist vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er þess krafist að skaðabótakröfum verði vísað frá dómi, ellegar sýknu af þeim eða að þær verði lækkaðar.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá föstudeginum 5. desember 2014 var lögreglu það kvöld, kl. 22.13, tilkynnt um kynferðislegt áreiti við Laugardalslaug í Reykjavík. Í frumskýrslu kemur fram að A, annar brotþola í máli þessu, hafi tilkynnt um brotið. Í viðræðum við lögreglu hafi brotþoli gert grein fyrir því að hann hafi verið í heitum potti í laugunum. Þar hafi verið Magnús Skarphéðinsson, ákærði í máli þessu, og hafi hann talað kynferðislega til brotþola og meðal annars sagt að hann vildi taka brotþola í endaparminn. Ákærði hafi síðan tekið í sundbuxur brotþola og togað þær niður en ekki náð að toga þær niður fyrir kynfærin. Í frumskýrslu kemur jafnframt fram að með brotþola hafi verið B, hinn brotþoli málsins. Hafi B staðfest frásögn brotþolans A. Fram kemur að lögregla hafi í kjölfarið haft samband við ákærða og hafi ákærði fallist á að hitta lögreglu. Í viðræðum við lögreglu hafi ákærði lýst því að hann hafi verið í heitum potti í sundlauginni þetta kvöld. Brotþolin A hafi komið í heita pottinn, en ákærði hafi þekkt brotþola vel. Hafi þeir þekkt í um það bil ár. Brotþoli hafi verið að „sprella“ í ákærða og verið með kynferðislegar athugasemdir við hann og hafi ákærði sagt við hann að hann ætlaði að taka í rassgatið á honum. Þeir hafi síðan farið í „gamnislag“ í pottinum og vinur brotþola tekið þátt í slagnum. Ákærði hafi náð taki á brotþola og vinur brotþola hafi einnig haldið brotþola. Brotþoli hafi náð að losa sig og ýtt við ákærða. Við það hafi ákærði misst jafnvægið. Til að koma í veg fyrir að hann dytti hafi ákærði reynt að taka í eitthvað og í því skyni tekið í sundbuxur brotþola. Brotþoli hafi orðið reiður en síðan jafnað sig, farið úr pottinum og hent fjórum snjóboltum í ákærða.

Ákærði hafi farið upp úr lauginni og í sturtu. Hann hafi séð brotþolann A ræða við sundlaugarvörð út af atvikinu og hafi ákærði spurt brotþola hvort hann ætlaði virkilega að gera mál úr þessu. Brotþoli hafi svarað því til að þetta hefði verið of mikið og hringt á lögreglu í framhaldi. Ákærði segðist ekki að ekki hafa sagt við A að hann ætlaði að taka hann í endaparminn.

Fimmtudaginn 22. janúar 2015 lagði móðir brotþolans B fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot. Við það tækifæri greindi B frá atvikum málsins.

Næsta dag, eða föstudaginn 23. janúar 2015, mætti síðan móðir brotaþolans A til lögreglu og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir ætlað kynferðisbrot gagnvart syni hennar. Við það tækifæri greindi A frá atvikum málsins.

Ákærði hefur greint svo frá atvikum málsins að þegar þetta gerðist hafi hann verið búinn að þekkja brotaþolann A í um ár, en þeir hafi báðir verið fastagestir í sundlauginni í Laugardal í Reykjavík. Þangað hafi ákærði farið eins oft og hann hafi getað en hann hafi notað ferðir í heita potta vegna vefjagigtar er hann byggir við. Ákærði kvaðst yfirleitt fara í sundlaugarnar seint að kvöldi, rétt fyrir lokun. Brotaþolinn A hafi vanið komur sínar í laugarnar á svipuðum tíma. Ákærði hafi ávallt kunnað vel við hann, en hann hafi verið léttur í lundu og spjallað mikið. Hafi brotaþoli gert sér far um að ræða við sundlaugargesti af eldri kynslóðinni, en það hafi verið óvenjulegt að yngri fólkið gerði það. Brotaþolinn A hafi oft verið að betla peninga af fastagestum í sundlauginni og hafi beðið marga um peninga en enginn látið hann fá neitt. Ákærði kvaðst hafa ákveðið að láta brotaþolann fá 1.000 krónur en mál hafi þróast þannig að í fjögur til sex skipti hafi ákærði látið brotaþola fá sambærilega upphæð. Brotaþoli hafi gengið á lagið, en þetta hafi staðið yfir talsvert tímabil. Ákærði hafi spurt hvenær brotaþoli myndi greiða til baka og hafi brotaþoli í nokkur skipti svarað að ákærði gæti sogið hann í staðinn. Ákærði kvaðst í upphafi hafa litið á þetta sem peningalán en sennilega verið þess meðvitaður að peningana fengi hann ekki aftur.

Umrætt kvöld hafi ákærði komið í laugina og farið í heitan pott. Eins og venjulega hafi þetta verið rétt fyrir lokun. Sennilega hafi einhver verið í pottinum er ákærði hafi komið þangað. Brotaþolarnir hafi komið í pottinn og ákærði og brotaþolarnir rætt saman. Umræðan hafi verið á léttum nótum, með góðlátlegum húmor. A hafi meðal annars spurt ákærða hvað hann hefði í laun. Er ákærði hafi svarað hafi brotaþoli sagt föður sinn hafa hærri laun en ákærða. Það hafi líka verið rætt um menntun og brotaþoli sagt að faðir sinn væri meira menntaður en ákærði. Allt hafi verið í gríni sagt, en brotaþoli hafi ávallt verið svo léttur og kátur. Er þarna var komið hafi ákærði verið orðinn einn eftir í pottinum ásamt brotaþolunum. Ákærði kvaðst hafa slegið á lær sér og sagt við brotaþolana að réttast væri að hann tæki í rassgatið á þeim. Ekki hafi verið neinn kynferðislegur tónn eða ætlun að baki þeim orðum. Með því hafi ákærði átt við að réttast væri að hann tæki í lurginn á þeim. Brotaþolarnir hafi báðir hlegið. Hann kvaðst hafa staðið upp og ætlað í „gamnislag“ við brotaþolann A og farið hafi af stað minniháttar handalögmál. Hafi ákærði ætlað að fella brotaþolann og reynt að grípa undir læri hans. Við það hafi ákærði hrasað og í fallinu gripið að framanverðu í sundbuxur brotaþolans til að gera eitthvað. Það hafi ekki verið gert í kynferðislegum tilgangi, né hafi hann

komið við kynfæri brotapolans. Ákærði kvaðst átta sig á því eftir á að það hafi ekki verið skynsamlegt að grípa í sundbuxur brotapolans. Ákærði hafi séð að honum hafi brugðið við þetta og handalögmálin lognast út af í kjölfarið. Áður hafi brotapolinn farið hlējandi undan ákærða í pottinum og hafi brotapolinn B hlegið enn meira. B hafi staðið í tröppum sem liggja niður í heita pottinn og komið þannig í veg fyrir að brotapolinn A kæmist upp úr pottinum. Hafi hann gert það til að ákærði næði til A. A hafi hins vegar ekki hlegið eftir að ákærði greip í sundbuxur hans. Kvaðst ákærði hafa beðið hann afsökunar en hann verið óhress og kastað snjóboltum í ákærða eftir að hann fór upp úr pottinum. Ákærði hafi á þessari stundu áttað sig á því hvaða áhrif þessi „gamnislagur“ hefði haft á brotapolann.

Brotapolinn hafi kallað á sundlaugarvörð og sagt verðinum að ákærði hafi áreitt sig. Eftir þetta hafi ákærði engu sambandi náð við hann. Ákærði kvaðst í raun ekki vita hvað hafi gerst. Hann hafi ekki rífið sundbuxurnar niður um brotapola en hann hafi verið í tvennum sundbuxum og ákærði einungis gripið um þær ytri. Ákærði kvaðst ekkert hafa komið við brotapolann B og athugasemdir hans einungis beinst að brotapolanum A. Hann kvaðst hafa vitað að eftirlitsmyndavél væri við heitu pottana í sundlauginni.

Ákærði kvað brotapolann A hafa verið skrafhreifinn, lífsglaðan og spurulan dreng. Á einhverjum tímamarki, löngu fyrir þetta atvik, hafi ákærði sagt honum að hann væri samkynhneigður og að hann væri í sambúð með manni. Eftir það hafi flestar samræður hans og brotapola gengið út á þetta. Allt hafi verið á léttum nóttum. Eins hafi þeir rætt um aðra hluti eins og skólagöngu brotapola o.fl. en ákærði kvaðst hafa hvatt brotapola áfram í námi. Hann hafi staðið í þeirri trú að brotapolinn A væri á aldrinum 17 til 18 ára er hann kynntist honum fyrst. Ákærði kvaðst oft hafa spurt brotapola og vini hans hvernig þeir færu að því að vera svona grannir. Ákærði kvað málið allt hafa haft mikil áhrif á sig. Eftir þetta hafi hann í tvígang farið í laugarnar í Laugardal. Í síðara skiptið hafi hann rekist á A. Hafi hann verið með munnsöfnuð við ákærða og talað um hann sem barnakáfara. Eftir það hafi hann ekki farið í sundlaugarnar í Laugardal; hann hafi ekki viljað leggja meira á brotapolann.

Brotapolinn A kvaðst hafa farið í sundlaugarnar í Laugardal að kvöldi föstudagsins 5. desember 2014. Með honum í för hafi verið brotapolinn B. Ákærði hafi einnig verið í laugunum. Þeir hafi verið þrír saman í heitum potti. Enginn annar hafi verið þar á þeim tíma. Ákærði hafi haft orð á því að þeir væru vel byggðir. Hafi hann síðan spurt þá hvort hann ætti að taka þá í rassgatið. Það hafi ekki verið sagt í neinu gríni og komið alveg upp úr þurru. Fram að því hafi þeir átt venjulegar samræður og hafi þeim brugðið við þessi orð ákærða. Ákærði hafi komið yfir til brotapolans í heita pottinum og hann hafi þá reynt að forða sér frá

ákærða en ákærði hafi reynt að snerta kynfæri hans með því setja hönd inn fyrir sundbuxurnar hans. Það hafi ákærða ekki tekist en brotþoli hafi verið í tvennum sundbuxum; höndin hafi komið nærri kynfærum hans. Hann kvaðst hafa verið lítill og grannur á þessum tíma og átt erfitt með að sleppa frá ákærða. Honum hafi líðið illa er þetta gerðist og verið hræddur. Í annarri atrennu hafi honum tekist að sleppa frá ákærða. Hann hafi verið í sjokki og hringt á lögreglu, auk þess sem hann hafi látið starfsmann sundlaugarinnar vita um atvikið. Að því loknu hafi hann hringt í móður sína og tjáð henni hvað komið hefði fyrir. Brotþoli kvaðst á engan hátt hafa boðið ákærða upp á þessa framkomu; ekkert sagt við hann sem gefið hafi honum tilefni til að koma svona fram. Hann hafi upplifað framkomu ákærða af kynferðislegum toga.

Það kom fram hjá A að ákærði hafi ekki haft sig sérstaklega í frammi gagnvart brotþolanum B, þó svo að hann hafi beint orðum sínum um að taka þá í rassgatið að þeim báðum. Ákærða hafi brotþoli þekkt frá fyrri sundferðum sínum, en þar hafi hann kynnst honum. Hafi þeir báðir verið fastagestir í lauginni. Þeir hafi þá rætt um allt og ekkert; lífið, knattspyrnu og skólagöngu brotþola. Í gegnum þessar samræður þeirra hafi ákærði vitað um aldur brotþola en brotþoli hafi verið í menntaskóla á þessum tíma. Brotþoli kvaðst hafa farið í sund í Laugardalnum skömmu eftir þetta atvik. Hann hafi verið samferða brotþolanum B og móður B. Ákærði hafi verið í sundi á sama tíma en farið upp úr sundlauginni þegar hann hafi orðið brotþolanna var.

Brotþoli kvaðst aldrei hafa beðið ákærða eða aðra sundlaugargesti um pening í fyrri sundferðum sínum.

Brotþolinn B kvaðst hafa farið í sund með brotþolanum A að kvöldi föstudagsins 5. desember 2014. Þeir hafi farið í heitan pott og hitt þar fyrir ákærða, sem hafi verið í pottinum er þeir hafi komið þangað. Þeir hafi rætt saman. Ákærði hafi á einum tímapunkti sagt að þeir væru flott byggðir og að hann vildi taka þá í rassinn. Þessi athugasemd ákærða hafi verið óþægileg, en þeir hafi ekki haft í frammi neinar kynferðislegar athugasemdir gagnvart ákærða. Hafi brotþolanum brugðið og hann verið í sjokki. Í framhaldi hafi ákærði sagt „komdu“ við A og gripið í hann. Hafi brotþoli séð ákærða grípa í sundbuxur A. A hafi tekist að losna frá ákærða og brotþoli séð að A leið illa. Þeir hafi ekki tekið þátt í neinu gríni með ákærða, svo sem hann héldi fram. Hafi þeir farið úr pottinum og hringt á lögreglu. Brotþoli kvaðst ekki hafa varnað A að komast upp úr heita pottinum. Vissi hann ekki af hverju hann hefði ýtt honum aftur út í pottinn, svo sem sjá mætti af myndskaiðum úr eftirlitsmyndavélakerfi laugarinnar. Ákærði hafi yfirgefið laugarinnar um leið og brotþolar. Brotþoli kvaðst telja að ákærði hafi átt að vita aldur þeirra. Hann sagði A ekki hafa beðið ákærða um pening á þeim tíma er hann

hafi séð til. Ákærði hafi hins vegar alltaf verið að bjóða þeim peninga. Brotapoli kvaðst ekki hafa átt nein samskipti við ákærða eftir þetta atvik. Ákærði hafi fyrir þetta haft uppi kynferðislegt tal við þá og áður verið búinn að segja að þeir væru vel byggðir og að hann ætti að sjúga þá. Brotapoli kvaðst þess fullviss að ákærði hafi ekki sagt þetta kvöld að hann ætti að taka í rassgatið á þeim, heldur hafi hann sagt að hann ætti að taka þá í rassinn. Brotapoli kvað sér hafa liðið illa eftir þetta atvik. Hafi þeir A rætt um það að þeir yrðu að gleyma þessu atviki.

Móðir brotapólans A kvaðst hafa fengið símtal frá syni sínum að kvöldi föstudagsins 5. desember 2014. Hún hafi ekki heyrt vel það sem brotapoli hafi sagt í símann, en hún hafi þó heyrt að eitthvað hefði komið fyrir í sundlaugunum. Hún hafi talið son sinn eiga sök á einhverju og orðið hálf pirruð út í hann. Hafi hann sagt að hringt hafi verið á lögreglu og hún áttað sig á alvarleika málsins næsta dag. Sonur hennar hafi sagt henni frá því sem gerst hefði og verið mjög hræddur. Hafi það verið augljóst að eitthvað hefði gerst í laugunum sem brotapoli hafi ekki verið sáttur við. Brotapoli hafi verið mjög æstur alla vikuna eftir atburðinn. Það hafi allt ýfst upp er brotapoli hafi farið til lögreglu til að gefa skýrslu í janúar 2015. Með tímanum hafi málið fjarlægst.

Móðir brotapólans B kvað hann hafa greint sér frá því að hann og A hafi hitt og rætt við eldri mann í sundlaugunum. Hafi sumt af því sem maðurinn sagði virkað furðulegt. Brotapolar hafi báðir verið í sjokki eftir atburði föstudagsins 5. desember 2014. Sonur hennar hafi greint henni frá því sem komið hefði fyrir og sagt að ákærði væri ekki alveg eðlilegur. Brotapolar hafi ekki farið í sund í talsverðan tíma eftir atvikið, utan eitt skipti, er hún hafi farið með þeim. Ákærði hafi verið í sundi og brotapolum brugðið við það. Ákærði hafi yfirgefið laugina er hann hafi orðið brotapólanna var.

Fyrir dóminn kom starfsmaður sundlauganna í Laugardal. Kvaðst hann hafa orðið var við er brotapolar hafi rætt saman inni í búningaklefa að kvöldi föstudagsins 5. desember 2014. Ákærði hafi verið þar og hafi hann sennilega verið að reyna að róa brotapólann A niður. Hafi vitnið orðið þess áskynja að brotapólinn A hefði hringt á lögreglu. Hafi starfsmaðurinn tilkynnt yfirmanni sínum í sundlaugunum um hvað væri í gangi.

Fyrir dóminn kom fyrrum vaktstjóri í sundlaugunum í Laugardal. Kvaðst hann hafa séð á myndskreiði úr eftirlitsmyndavélakerfi að eitthvað hefði komið fyrir í heitum potti. Hafi hann rætt við brotapólana og í framhaldi komið málinu áfram. Hafi hann orðið þess áskynja að brotapólunum hafi verið mjög brugðið. Hafi þeir verið fastagestir í sundlaugunum og hann þekkt þá vel. Hafi þeir verið ólíkir sjálfum sér þetta kvöld.

Fyrirum lögreglumaður kom fyrir dóminn og lýsti því að hann hefði sinnt útkalli lögreglu þetta kvöld. Hann hafi rætt við brotþolana á vettvangi og þeir tjáð honum að þeir hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu ákærða. Í framhaldi af viðræðum við drengina hafi verið farið að heimili ákærða og rætt við hann. Hafi ákærði greint frá sinni hlið á málinu og sá framburður hans verið settur niður í frumskýrslu lögreglu.

Fyrir dóminn komu tvö vitni sem kváðust vera fastagestir í sundlauginni í Laugardal. Lýstu þau því bæði að þau þekktu ákærða, sem hafi verið fastagestur í lauginni. Lýstu þau því bæði að brotþolinn A hafi komið reglulega í sundlaugina. Hann hafi stundum verið ódæll og með fíflalæti. Hafi hann stundum beðið fastagesti laugarinnar um peninga, þar á meðal ákærða.

Niðurstaða:

Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa að kvöldi föstudagsins 5. desember 2014 brotið gegn blygðunarsemi brotþolanna A og B, sem þá voru 17 ára, með því að hafa viðhaft kynferðislegt tal við þá, auk þess að hafa áreitt brotþolann A kynferðislega með því að toga í buxnastreng á sundbuxum hans að framanverðu fyrir miðju. Í ákæru eru brot ákærða talin varða við 199. gr. og 209. gr. laga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002. Við flutning málsins lýsti sækjandi því að ákærða væri gefið að sök brot gegn 199. gr. laga nr. 19/1940 einungis að því er brotþolann A varðaði en að brot ákærða gegn 209. gr. sömu laga og 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002 beindust að báðum brotþolum.

Ákærði neitar sök. Hefur hann lýst því að hann hafi sagt við brotþolana að réttast væri að taka í rassgatið á þeim, en það hafi hann sagt í þeirri merkingu að réttast væri að taka í lurginn á þeim. Það hafi verið sagt í framhaldi af því að brotþolinn A hafi verið að gantast í ákærða og að bera föður sinn saman við ákærða. Hann hefur viðurkennt að hafa tekið í framanverðan buxnastreng á sundbuxum brotþolans A. Hafi ákærði ætlað að fella brotþola í heitum potti og í þeim tilgangi hafi hann gripið undir læri brotþolans. Hann hafi misst jafnvægið og í framhaldi gripið í buxnastrenginn. Engar kynferðislegar hvatir hafi búið að baki aðgerðum ákærða í heita pottinum.

Á meðal gagna málsins er myndskaið úr eftirlitsmyndavélakerfi sundlauganna í Laugardal sem sýnir atburðarásina í heitum potti að kvöldi föstudagsins 5. desember 2014. Á myndskaiði sjást ákærði og brotþolarnir í heita pottinum. Ákærði lætur sig fljóta en stendur síðan á fætur. Í framhaldi slær hann sér á lær og gengur rակleitt að brotþolanum A. Brotþolinn A skvettir á ákærða er ákærði nálgast en hörfar síðan undan aðför ákærða. Ákærði nær tökum á

brotþolanum, sem nær að slíta sig lausan. Brotþolinn reynir að komast úr heita pottinum en tekst það ekki áður en ákærði nær til hans á ný og dregur hann aftur út í miðjan pottinn. Ákærði tekur aftur á brotþola, sem á ný tekst að slíta sig lausan. Í kjölfarið fer brotþolinn úr pottinum.

Ákærði hefur lýst því að ákærði og brotþolarnir hafi verið í „gamnislag“ í pottinum. Það verður ekki séð af myndskaiðinu. Myndskaiðið sýnir hins vegar að A hræðist ákærða, svo sem hann hefur staðhæft. Það er ekki að sjá að ákærði sé við það að falla í átökum sínum við brotþolann svo sem hann heldur fram að hafi verið undanfari þess að hann hafi gripið í sundbuxur brotþolans. Starfsmaður sundlaugarinnar í Laugardal hefur borið um að brotþolarnir hafi verið í uppnámi eftir þetta atvik og styður það framburð þeirra um að ákærði hafi brotið gegn þeim. Brotþolarnir voru trúverðugir í framburðum sínum fyrir dóminum og fékk það augljóslega talsvert á brotþolann A að lýsa atvikum í návist ákærða.

Ákærði hefur ekki gefið skynsamlega skýringu á því af hverju hann greip, að framanverðu fyrir miðju, í sundbuxur brotþolans A, en eins og áður segir er ekki að sjá að hann hafi misst jafnvægið í átökum við brotþolann. Þá er ekki sennileg sú skýring ákærða að tilefni hafi verið fyrir hann að viðhafa þau ummæli að taka ætti í rassgatið á brotþolunum fyrir þær sakir einar að metast við ákærða né gaf það honum tilefni til að slást við brotþolann A. Er framburður ákærða ótrúverðugur að þessu leyti.

Þegar þessi atriði eru virt, sem hér að framan er gerð grein fyrir, verður trúverðugur framburður brotþolanna lagður til grundvallar niðurstöðu og talið sannað að ákærði hafi viðhaft kynferðislegt tal við brotþolana er hann sagði við þá að hann ætti að taka þá í rassinn. Þá áreitti hann brotþolann A kynferðislega með því að toga í framanverðan buxnastræng á sundbuxum hans, en slíkt framferði hans var kynferðislegt áreiti. Sú háttsemi ákærða að toga í buxnastræng á sundbuxum brotþolans A varðar við 199. gr. laga nr. 19/1940. Brot ákærða, varðar einnig við 209. gr. sömu laga, er hann viðhafði kynferðislegt tal við brotþolana báða, en sú háttsemi hans var til þess fallin að særa blygðunarsemi beggja brotþolanna.

Brotþolarnir voru báðir 17 ára er brotin voru framin, en urðu 18 ára fáeinum mánuðum síðar. Af áðurnefndu myndskaiði úr eftirlitsmyndavélakerfi verður ekki slegið föstu, svo óbyggjandi sé, að brotþolarnir hafi verið 17 ára að aldri er atvik áttu sér stað. Engar sönnur hafa verið færðar fyrir því að ákærði hafi vitað nákvæman aldur brotþola. Af þeirri ástæðu verður ákærði sýknaður af broti gegn 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002.

Ákærði er fæddur í júlí 1955. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi svo kunnugt sé. Ákærði á sér engar málsbætur. Er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði, sem í ljósi sakaferils þykir heimilt að

skilorðsbinda með þeim hætti er í dómsorði greinir.

Brotapolinn A hefur krafist miskabóta að fjárhæð 800.000 krónur, auk vaxta. Er vísað til þess að brotapolí hafi verið miður sín eftir atvikið. Hafi brot ákærða valdið honum nokkrum miska en brotið hefði í för með sér sálrænar afleiðingar sem og skerta sjálfsmynd. Ákærði hefur með ólögmætri og saknæmri háttsemi sinni valdið brotþola miska. Ekki liggja fyrir sérfræðileg gögn um afleiðingar brotsins og verða skaðabætur ákveðnar að álitum. Þó leyndi sér ekki við skýrslutöku af brotþola að brot ákærða hefur fengið mikið á hann. Þykja miskabætur, í ljósi framferðis ákærða og þess er hér að framan greinir, hæfilega ákveðnar 600.000 krónur. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Brotapolinn B hefur krafist miskabóta að fjárhæð 500.000 krónur, auk vaxta. Er vísað til þess að brotapolí hafi verið í uppnámi eftir atvikið. Hafi brot ákærða valdið honum þó nokkrum miska og brotið haft í för með sér sálrænar afleiðingar og skerta sjálfsmynd. Ákærði hefur með ólögmætri og saknæmri háttsemi sinni valdið brotþola miska. Ekki liggja heldur í þessu tilviki fyrir sérfræðileg gögn um afleiðingar brotsins og verða skaðabætur ákveðnar að álitum. Þykja miskabætur, í ljósi framferðis ákærða, hæfilega ákveðnar 400.000 krónur. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotþolanna beggja, sem nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Matthea Oddsdóttir saksóknarfulltrúi.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Magnús Skarphéðinsson, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 600.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 5. desember 2014 til 28. nóvember 2016 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B 400.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 5. desember 2014 til 28. nóvember 2016 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Arnar Birgissonar hæstaréttarlögmanns, 1.335.015 krónur og þóknun réttargæslumanns beggja brotþola, Gunnhildar Pétursdóttur hæstaréttarlögmanns, sem samanlagt

nemur 982.140 krónum.

Símon Sigvaldason
Hólmfríður Grímsdóttir
Ragnheiður Harðardóttir